

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 312/1997 um ýmis gjöld varðandi alþjóðlega skráningu vörumerkja.

1. gr.

1. tölul. 1. mgr. 2. gr. orðist svo:
Grunngjald, einn flokkur innifalinn 12.000

2. gr.

3. tölul. 1. mgr. 2. gr. falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 62. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 12. mars 1999.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

11. mars 1999

Nr. 194

SAMÞYKKT

um kattahald í Hafnarfirði.

1. gr.

Samþykkt þessi er gerð til að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta fari vel með ketti og tryggi þeim góða vist, sjái til þess að þeir lendi ekki á flækingi eða valdi nágrönnum óþægindum.

2. gr.

Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

3. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum að takmarka útiveru kattanna. Bæjarstjórn er heimilt vegna fuglalífs að banna kattahald á ákveðnum svæðum sveitarfélagsins. Slíkt bann verður staðfest sem breyting við samþykkt þessa.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að banna eða takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflegar kvartanir um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að og eiganda eða umráðamanni tekst ekki að komast fyrir það sbr. 2. gr.

5. gr.

Um kattahald í fjölbýlishúsum vísast að öðru leyti til ákvæða laga um fjöleignarhús nr. 26/1994.

6. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari, valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 11. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING
um nýtt deiliskipulag á Hafnargötu 6, Stokkseyri
(lóð K.Á.) í Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt skipulag- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar þann 10. febrúar 1999 nýtt deiliskipulag á Hafnargötu 6, Stokkseyri (lóð K.Á.) í Sveitarfélaginu Árborg.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 22. mars 1999.

Bæjarstjóri Árborgar,

Karl Björnsson.

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993 - 2013,
Bessastaðir og miðsvæði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. mars 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993 - 2013, Bessastaðir og miðsvæði, frá 26. febrúar 1999.

Aðalskipulagsbreytingin varðar jörðina Bessastaði og miðsvæðisreit sveitarfélagsins. Breytingin felur m.a. í sér breytingu á legu Álftanesvegar. Aðalskipulagsbreytingin var auglýst skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum frá 14. desember 1998 til 15. janúar 1999, athugasemdafrestur var til 29. janúar 1999 og bárust 8 athugasemdir.